

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið  
 Ingimar Jóhannsson  
 Skúlagata 4  
 150 REYKJAVÍK  
 Iceland

Garðabær, 15. júlí 2011  
 2011050028/42-9  
 TB/GG  
 jgo/tb

### Innflutningur á Senegalflúru

Vísað er til bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 5. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um innflutning á Senegalflúru, *Solea senegalensis*, fyrir 15. júlí 2011. Í bréfi ráðuneytisins er málið rakið og vísað í þau gögn sem send hafa verið Náttúrufræðistofnun.

Við lestur framangreinds bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu má ætla að erindinu hafi ekki verið svarað þar sem að þess er ekki getið að Náttúrufræðistofnun svaraði erindinu, m.t.t. þeirra gagna sem þá höfðu borist, með bréfi dagsettu 8. júní sl. Í svari stofnunarinnar kemur m.a. fram að stofnunin taki ekki endanlega afstöðu til málsins fyrr en heildstætt áhættumat liggur fyrir enda upplýsingar misvísandi um vistfræði tegundarinnar en í **5. gr.** laga nr. 54/1990 um innflutning dýra segir í 2. mgr.: *Með umsókn um leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum skal fylgja áhættumat sem umsækjandi um leyfi hefur aflað. Í áhættumati skal m.a. meta hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunnir að hafa á lífríkið.* Einu nýju gögnin í málinu nú er bréf frá Matvælastofnun dags. 10. júní sl. þar sem fisksjúkdómanefnd fjallar bæði um áhættu á dreifingu sjúkdóma en einnig er tekin mjög ákveðin afstaða til hugsanlegra vistfræðilegra áhrifa. Beðist er velvirðingar á því að erindinu hefur ekki verið svarað fyrr en nú en helgast það m.a. af sumarfríum starfsmanna.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að gögn málsins er enn misvísandi. Til að mynda er fullýrt í bréfi Matvælastofnunar að sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar hafi úrskurðað að tegundin geti ekki hrygnt við lægra hitastig sjávar en 16°C og að það liggi því fyrir að þó svo slysaslepping ætti sér stað þá muni slíkt með engu móti raska lífríki við strendur landsins. Í bréfi til Skipulagsstofnunar frá Dr. Eyþóri Eyjólfssyni, dags. 12. maí sl., segir hins vegar að Senegalflúran geti lifað við hitastig sjávar frá 9°C-25°C þó jafnframt sé fullýrt að hún geti ekki lifað hér við land vegna lágs hitastigs sjávar þegar það er lægst.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að í gögnum málsins er hvergi að finna góða lýsingu á vistfræði tegundarinnar og hvaða þættir lífríkis við landið gætu orðið fyrir áhrifum ef tegundin gæti þrífist



hér. Í raun byggir „áhættumatið" á þeim forsendum að það er fullyrt að tegundin geti ekki lifað við landið, þrátt fyrir misvísandi gögn hvað það varðar, en gögnin sýna í raun ekki hvað sé það lágmarks hitastig sjávar sem tegundin getur lifað við. Eiginlegt áhættumat hefur því ekki farið fram.

#### Niðurstaða

Miðað við fyrirbyggjandi gögn telur Náttúrufræðistofnun Íslands að það fylgi því ákveðin óvissa og þ.a.l. ákveðin áhætta fyrir lífríki landsins að flytja Senegalflúru til landsins þar sem að það er mat stofnunarinnar að það sé ekki útilokað að tegundin geti lifað hér við land. Ekki liggur fyrir almennileg greining á hugsanlegri hegðun/vistfræði tegundarinnar hér við land og því ekki greining á því hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríkið geti hún lifað hér. Verði öllum öryggiskröfum framfylgt um varnir gegn dreifingu sjúkdóma, sbr. lýsingar í gögnum, telur Náttúrufræðistofnun litlar líkur til þess að lífríki við landið stafi hættu af þeim sökum.

Í ljósi fyrirbyggjandi gagna telur Náttúrufræðistofnun Íslands minni líkur en meiri að Senegalflúra, *Solea senegalensis*, geti þrífist hér við land en að það sé þó alls ekki útilokað. Rannsaka þarf þennan þátt betur. Verði ströngustu öryggiskröfum framfylgt bæði hvað varðar sjúkdómavarnir og varnir til að koma í veg fyrir að tegundin geti dreifst út í íslenska náttúru þá leggst Náttúrufræðistofnun Ísland ekki gegn því að tegundin verði flutt inn til landsins.

Náttúrufræðistofnun Ísland telur að setja þurfi reglugerð um framkvæmd áhættumats sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1990.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Umhverfisstofnun

